

135. fundur Rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla 8.2.22 kl.16:00.

Mættir: Sveinn Hreiðar Jenson, Elín Heiða Valsdóttir, Matthildur Pálsdóttir, Jóna María Sigmarsdóttir, Anna María Ólafsdóttir, Sandra Brá Jóhannsdóttir, Auðbjörg Bjarnadóttir og Fanney Ásgeirsdóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla hjúkrunarforstjóra

Skýrslan kynnt og rædd. Covid-19 hefur nú náð inn á hjúkrunarheimilið og smit meðal bæði íbúa og starfsmanna. Mikil mannekla meðan veikindin ganga yfir.

Viðbragðsteymi á vegum HSU er væntanlegt í vikunni og mun það verða heimilinu til ráðgjafar með næstu skref og viðbrögð.

17. hjúkrunarrýmið sem fékkst við lokun Kumbaravogs og er hér tímabundið, framlengist til áramóta. Rekstrarnefndin mun óska eftir að það verði hér áfram að þeim tíma loknum.

2. Rekstur desember 2021

Rekstur er á áætlun.

3. Starfsmannamál

Farið yfir starfsmannamál. Endurskipuleggja þarf vaktir og auglýsa eftir starfsfólki vegna fyrirsjáanlegra breytinga í starfsmannahópnum.

4. Ráðning hjúkrunarforstjóra umræða

Ein umsókn er um stöðuna, frá Margréti Guðmundsdóttur, hjúkrunarfræðingi.

Rekstrarnefnd mælir með ráðningu Margrétar í stöðuna.

5. Önnur mál

Fundurinn var síðasti fundur Matthildar, fráfarandi hjúkrunarforstjóra, sem lýkur störfum í lok mánaðar. Rekstrarnefndin færir Matthildi innilegar þakkir fyrir vel unnin störf á undanförunum árum og óskar henni velfarnaðar í framtíðinni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:45

Sveinn H. Jenson

Auðbjörg B. Bjarnadóttir

Elín Heiða Valsdóttir

Anna M. Ólafsd.

Fanney Ásgeirsd.

20